

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2010

frá 10. desember 2010

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/148/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/161/ESB frá 17. desember 2009 um gerð þriðju skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/148/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 83/477/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XVIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 5. liðar (tilskipun ráðsins 83/477/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0148**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/148/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 59, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 87.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 263, 24.9.1983, bls. 25.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 16j (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB):

„– **32009 L 0161**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/161/ESB frá 17. desember 2009 (Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 87).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16je (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/25/EB):

„16jf. **32009 L 0161**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/161/ESB frá 17. desember 2009 um gerð þriðju skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB (Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 87).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/148/EB og 2009/161/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.